



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 580

Torfusamtökin

Skjalaskrá

Einkaskjalasafn nr. 580

Torfusamtökin

Formáli

Torfusamtökin voru stofnuð 1972 og eru frjáls félagasamtök sem hafa það að markmiði að efla áhuga á gildi íslenskrar byggingararfleifðar og að standa vörð um varðveislu þessa arfs svo hann megi um framtíð verða lifandi hluti af borgarlandslagi okkar.

Árið 1970 þegar stjórnvöld ákváðu að rífa svokallaða Bernhöftstorfu í Reykjavík, þ.e. húsaröðina ofan Lækjargötu á milli Bankastrætis og Amtmannsstíg og byggja þar Stjórnarráðshús. Snörp orðaskipti urðu út af þeirri áætlun yfirvalda í dagblöðum og sýndist sitt hverjum. Þá var húsunum lýst sem "dönskum fúaspýtum" og "hrútakofum" og hrópuð voru slagorð eins og "rífið kofana". Baráttunni fyrir verndun Torfunnar óx þó ásmegin. Arkitektafélag Íslands, með Guðrúnu Jónsdóttur arkitekt, þáverandi formann félagsins, í fararbroddi, barðist fyrir varðveislu húsanna og hafði síðan frumkvæði að því að Torfusamtökin voru stofnuð árið 1972.

Hinn fyrsta desember 1972 var haldinn útifundur framan við Bernhöftstorfuna. Að þeim fundi stóðu öll félög innan bandalags íslenskra listamanna og öll félög ungra stjórnálmanna auk einstaklinga. Þar fluttu ávörp Jónatan Þórmundsson, Páll Línal og Þór Magnússon. Í ávarpi Þórs kom fram að hvarvetna í heiminum hefði menningarverðmætum verið eytt umhugsunarlaust og víða um lönd hefðu nú risið upp kröftug andmæli gegn þessari geryðingarstefnu. Við Íslendingar hefðum "horft sljóum augum á, hvernig menningarverðmæti þjóðarinnar hafa verið tætt í sundur og þeim eytt, oft af lítilli ástæðu. Enn fremur sagði hann: "Hér fyrir framan okkur höfum við dálítinn part af Reykjavík 19. aldar, enn ósnortinn að mestu. Þetta er hluti af Reykjavík Jóns Sigurðssonar og samtímamanna hans, sem við nefnum oft á degi sem þessum og þökkum baráttuna fyrir sjálfstæði landsins. Þessi húsaröð frá Stjórnarráðinu til Bókhlaðu Menntaskólans er hið eina samfellda sem nú er eftir af byggðinni í Reykjavík frá því um miðja 19. öld." Þarna var saman komið á annað þúsund manns sem stóð með tendruð blys og söng. Að fundinum loknum var farin blysför í Sigtún (Sjálfstæðishúsið) við Austurvöll og þar voru Torfusamtökin stofnuð fyrir fullu húsi. Á fundinum var kosin fimm manna stjórn og var Guðrún Jónsdóttir kosin formaður samtakanna á fyrsta stjórnarfundum. Hlutverk samtakanna var og er að vinna að varðveislu, endurnýjun og fegrun gamla miðbæjarins í Reykjavík og annarra hverfa, gatna eða húsa í Reykjavík er hafa menningarsögulegt gildi eða gildi sökum fegurðar eða samræmis í umhverfi.

Heimild: Páll V. Bjarnason. Torfusamtökin við aldahvörf. Morgunblaðið 19. ágúst 2000.

Afhending: Guðjón Friðriksson í desember 2015

Innihald: Fundargerðabók, bréf o.fl.

Tími: 1980-2015

Skjalasafn

Flokkur A: Fundargerðir, bréfa- og málafsn

Askja A-1

Fundargerðir, bréfa- og málafsn 1981-20010

Fundargerðabók 5. febrúar 1980 til 23. september 2006.
Fundargerðir frá 1996, 1998, 2005 og 2010.
Lög Torfusamtakanna samþykkt á aðalfundi 8. febrúar 1981.

Flokkur B: Bréfa- og málafsn

Örk 1

Bréf varðandi samstarf við Minjavernd, varðandi skipulagsmál, húsvernd o.fl. 1996-1997.

Málþing um húsvernd á vegum Reykjavíkurborgar 2. nóvember 1996. Ræða formanns Torfusamtakanna.

Örk 2

Bréf, tölvupóstur varðandi samstarf við Minjavernd, varðandi skipulagsmál, húsvernd o.fl. 2000.

Torfudagurinn 3. júní 2000, málþing Torfusamtakanna 19. ágúst 2000.
Samningur Torfusamtakanna við Reykjavík menningarborg Evrópu 2000.

Flokkur B: Bréfa- og málafsn

Askja B-1

Bréfa- og málafsn 1988-2011

Örk 1

Bréf varðandi skipulagsmál, húsvernd o.fl. 2000-2001.

Torfusamtökin við aldhvörf. Páll V. Bjarnason, grein í Lesbók Morgunblaðsins 19. ágúst 2000.

Örk 2

Hugmyndir að ritröð á breiðum grundvelli, án árs.

Flokkur G: Úrklippur úr dagblöðum og bókhald 1996 og 1997

Örk 3

Úrklippur úr dagblöðum, Húsvernd er menning 1996 og Skiptar skoðanir á tillögu að deiliskipulagi á Alþingisreit 1997.

Reikningsskil Torfusamtakanna 1988-1992.

Ársreikningur Torfusamtakanna 2009.

Reikningar 1997.

Reikningsyfirlit 2010-2011.

Gíróseðlar, afrit vegna greiðslu ársgjalds 1987.

Skráð í desember 2015,
Jakobína Sveinsdóttir